

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 214/1989. **Ólafur Þ. Jónsson persónulega og
f.h. einkafirma hans, Pizzahússins**

(Jóhann Þórðarson hrl.),

gegn

Maurantonio Pasquale

(Atli Gíslason hrl.).

Stefnubirting. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var flutt 21. og 22. þessa mánaðar um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Mótmælti stefndi þá frávísunarkröfunni.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því, að héraðsdómsstefna hafi ekki verið löglega birt. Stefndi telur, að birting stefnunnar sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Áfrýjandi, Ólafur Þ. Jónsson, rekur einkafirma sitt, Pizzahúsið, að Grensásvegi 10 í Reykjavík. Í birtingarvottorði stefnuvotta segir svo: „Árið 1988 föstudaginn 30.12. kl. 13.16 birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur þessa framanritaða stefnu á Ólaf Þ. Jónsson persónulega og f.h. Pizzahússins fyrir Ólöfu Jónsdóttur á vinnustað þeirra (sic) Grensásvegi 10 hér í borg, og afhentum henni

endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er starfar í sama húsi, en var fjarverandi.“ Í vottorðinu eru ekki sögð frekari deili á Ólöfu. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram skilagrein áfrýjanda til Gjaldheimtunnar í Reykjavík um staðgreiðslu skatta í desember 1988 og janúar 1989. Af skilagrein þessari verður ekki ráðið, að kona að nafni Ólöf Jónsdóttir hafi starfað hjá áfrýjanda á þessu tímabili.

Hinn 14. maí 1990 var háð vitnamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Í því máli kom fram, að áfrýjandi kannaðist ekki við Ólöfu Jónsdóttur og kvað hana aldrei hafa unnið fyrir sig. Hann kvaðst ekki hafa fengið stefnuna í hendur og ekki haft vitneskju um málshöfðunina, fyrr en honum var birtur dómur í málinu. Þá komu fyrir dóm í vitnamálinu tveir starfsmenn áfrýjanda, sem störfuðu hjá fyrirtækinu á þessu tímabili. Kannaðist hvorugur þeirra við Ólöfu Jónsdóttur.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er sannað, að Ólöf Jónsdóttir starfaði ekki í þjónustu áfrýjanda á þeim tíma, er stefna var birt. Birting héraðsdómsstefnunnar var því ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Maurantonio Pasquale, greiði áfrýjanda, Ólafi Þ. Jónssyni persónulega og f.h. Pizzahússins, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. desember 1980, af Maurantonio Pasquale, kt. 120663-8019, Iðufelli 19, Reykjavík, gegn Ólafi Þ. Jónssyni, kt., 130354-2899, Baldursgötu 18, Reykjavík, persónulega og fyrir hönd einkafirma

hans, Pizzahússins, kt. 600381-0329, Grensásvegi 10, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 56.820, með 49,2% ársvöxtum af kr. 6.731 frá 12. desember 1987 til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum af kr. 56.820 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi unnið í veitingahúsi stefnda, Pizzahúsinu, og látið þar af störfum í samráði við starfsmann stefnanda og yfirmann sinn 11. desember 1987. Þá hafi stefnandi átt inni laun fyrir desember 1987, að fjárhæð kr. 36.731, en fengið greitt upp í þau kr. 30.000. Eftirstöðvar launa stefnanda séu því 6.731. Stefnandi hafi ekki fengið þessar eftirstöðvar greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Auk þessa eigi stefnandi inni hjá stefnda ógreidd orlofslaun skv. launaseðli frá stefnanda (sic), en mun eiga að vera frá stefnda, dags. 2. maí 1988, að fjárhæð kr. 50.089. Launaseðill þessi hafi verið gefinn út, en orlofslaunin ekki greidd stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Ógreidd laun í desember 1987	kr. 6.731
Ógreidd orlofslaun	kr. 50.089
Samtals	kr. 56.820

Málsástæður og lagarök kveður stefnandi aðallega vera þau, að stefndi hafi vanefnt bindandi vinnusamning við stefnanda með því að greiða honum ekki umsamin laun fyrir desembermánuð 1987. Enn fremur hafi stefndi ekki uppfyllt þá lagaskyldu að greiða 10,17% orlof ofan á heildarlaun fyrir orlofsárið 1987-1988. Að öðru leyti vísar stefnandi til meginreglna kröfu-, samninga- og vinnuréttar og laga nr. 87/1971 með síðari breytingum, en skv. þessum heimildum sé greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um dráttarvexti vísar stefnandi til laga nr. 25/1987.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst kr. 14.900, þar með talinn söluskattur.
Dóminn kvað upp Unnur Gunnarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Þ. Jónsson vegna Pizzahússins, greiði stefnanda, Maurantonio Pasquale, kr. 56.820 með 49,2% ársvöxtum af kr. 6.731,00 frá 12. desember 1987 til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum af kr. 56.820 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.900 í málskostnað, sem beri að frádregnum söluskatti dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.